

536
670 X

SILUNGRANNSÓKNIR Í MÝVATNI
1993

Guðni Guðbergsson

apríl 1994

VMST-R/94015

Veiðimálastofnun

Rannsóknastöðin við Mývatn

SS B1
Mývatn (NE)

Endurskoðun
Umidi

EFNISYFIRLIT

BLS.

SAMANTEKT

1. INNGANGUR.....	1
2. AÐFERÐIR.....	1
2.1. Veiðar.....	1
3. NIÐURSTÖÐUR.....	2
3.1. Afli tilraunaneta.....	2
3.2. Aldursdreifing afla tilraunaneta.....	3
3.3. Holdafar bleikju.....	3
3.4. Fæða bleikju.....	3
3.5. Afli bænda.....	3
3.6. Stofnstærð bleikju.....	4
3.7. Endurheimtur merktra urriða.....	5
4. UMRÆÐUR.....	6
ÞAKKARORÐ.....	7
HEIMILDIR.....	8
MYNDIR.....	9
TÖFLUR.....	17

SAMANTEKT

Hér greinir frá rannsóknum á silungastofnum Mývatns sem fóru fram sumarið 1993. Rannsóknir þessar eru hugsaðar sem vöktunarrannsóknir og eru með svipuðu sniði og verið hefur frá 1986 en þó með þeirri breytingu að nú var einungis farin ein söfunarferð, í september, í stað tveggja áður. Sýnum var safnað með tilraunaveiðum í netaraðir með mismunandi möskvastærðum frá 16.5 - 50 mm. Sá afli tilraunaveiða sem lofaði góðu 1992 er nú farinn að skila sér inn í afla bænda og veiðin 1993 varð sú mesta frá 1986. Stofnstærð bleikju sem fram kemur í tilraunaveiðum hefur lækkað nokkuð frá 1992 að fjölda en nær tvöfaldast að þunga. Ástand bleikjunnar sumarið 1993 var með besta móti og holdastuðull sá hæsti sem mælst hefur frá 1986. Heildarafli samkvæmt veiðiskýrslum var 21.410 bleikjur og 619 urriðar. Aflinn var alls um 13,3 tonn sem gerir rúmlega 5 kg uppskeru á hektara. Góðar horfur eru á veiði á veiðitímabilinu 1994.

1. INNGANGUR

Rannsóknir þær er hér frá greinir eru unnar fyrir Rannsóknarstöðina við Mývatn. Þær eru hugsaðar sem vöktunarrannsóknir á silungastofnum vatnsins og eru framhald þeirra rannsókna sem staðið hafa frá 1986 (Guðni Guðbergsson 1991, 1992 og 1993). Á árunum 1986 til 1992 voru rannsóknarveiðar gerðar tvisvar á ári, bæði á vorin í júní og á haustin í september. Vegna minnkandi fjármagns til rannsókna var sýnatökum fækkað í eina og þá að haustinu. Minnkun rannsóknarátaks rífur þá samfellu sem verið hefur í rannsóknum um 7 ára skeið og getur verið bagalegt einkum þar sem fyrri rannsóknir hafa sýnt að alvarlegir atburðir hafa komið upp í fiskstofnum Mývatns og þá yfir sumarið.

Rannsóknirnar beinast að því að fylgjast með stærðar- og aldurssamsetningu silungastofnanna í Mývatni, vexti þeirra og viðgangi, fæðu, og nýtingu. Við mat á nýtingu voru lagðar til grundvallar veiðiskýrslur frá Veiðifélagi Mývatns og sýnum af afla. Metin var stofnstærð bleikju í vatninu.

2. AÐFERÐIR

2.1. Veiðar

Silungur var veiddur í tilraunanet en það er röð lagneta með mismunandi möskvastærðum frá 16.5 - 50.0 mm mælt milli hnúta, alls eru 10 net í einni röð. Slík möskvasamsetning á að hafa jafnt veiðiálag á allar fiskstærðir yfir 17 - 18 sm. Nota má sem þumalfingursreglu að möskvi mældur í mm, veiði samsvarandi stóran silung mældan í sm. Veitt var dagna 9. - 12. september. Netin voru látin liggja eina nótt í hvert skipti. Eitt net sem liggur eina nótt er kallað ein lögn og er mælikvarði á sókn. Lagt var að kvöldi og netin dregin að morgni. Út frá þeirri

mælieiningu er gengið þegar reiknaður er afli á sóknareiningu. Veitt var á 8 stöðum í Syðriflóa og á djúpum og grunnum svæðum í Ytriflóa, sömu stöðum og gert hefur verið undan farin ár (Guðni Guðbergsson 1991; 1.mynd). Að auki var lagt nánast í miðjan Syðriflóa. Sýni voru tekin af afla bændu, alls 268 sýni sem er rúmlega 1% af afla. Þar var mæld lengd og þyngd og hreistur fiska tekið til aldursákvörðunar. Sýnin gefa vísbendingu um samsetningu aflans.

Í tilraunaveiðum veiddust veiðiuggaklipptir urriðar úr sleppingum og hausar af veiðiuggaklipptum fiskum bárust frá einum aðila. Veiðiuggaklipping er auðkenning á að um örmerktan fisk sé að ræða. Merkinu var skotið í trjónu fisksins á seiðastigi. Merkið sem er um 1 mm segulmögnuð málmflís er með áskornu númeri. Merkin voru tekin úr og lesin á rannsóknarstofu.

Varðandi frekari útlistun á aðferðum við sýnatöku, mælingar, úrvinnslu gagna og útreikninga vísast í fyrri skýrslur (Guðni Guðbergsson 1991, 1992 og 1993).

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. Afli tilraunaveiða

Afli mismunandi möskvastærða var nokkuð breytilegur, en veiðin í Syðriflóa samanstóð af smáum og stórum fiski í svipuðum fjölda en meira bar á stærri bleikju í Ytriflóa (Tafla 1). Af lengdardreifingu afla í Syðriflóa má ráða að fiskur hefur vaxið frá fyrra ári og talsvert virðist af silungi í veiðanlegri stærð. Nokkuð vantar á samfellu í lengdardreifingu þó ekki verði vart við það í aldri (1. mynd). Heldur minna var af stærri fiski í Ytriflóa en Syðriflóa (2. mynd).

3.2. Aldursdreifing afla tilraunaveiða

Í bæði Syðriflóa og Ytriflóa bar mest á tveggja og þriggja ára bleikju en ársfiskurinn var lítið farinn að koma inn í afla. Mikil spönn var í lengd innan hvers aldurshóps strax á öðru ári og nokkur skörun var í lengd milli árganga (Tafla 2).

Mest bar á ókynþroska bleikju þó vart yrði við væntanlegan hrygningarfisk og einnig fiska sem hrygnt höfðu áður (Tafla 3).

3.3. Holdafar bleikju

Samband lengdar og þyngdar (logaritmískt samband) var allometrískt þ.e. hallatala línunnar var hærri en 3 (Tafla 4). Samband lengdar og þyngdar breytist því með aukinni lengd fiska.

Útreiknaður holdastuðull bleikju í Syðriflóa og Ytriflóa var hár (3. - 4. mynd) og sá hæsti sem mælt hefur frá því þessar rannóknir hófust 1986 (5. - 6. mynd).

3.4. Fæða bleikju

Aðalfæða bleikju í Syðriflóa haustið 1993 voru krabbadýr, mest var af langhalafló og þá kornátu en minna bar á öðrum tegundum, rykmýslirfum, vatnabobba og skötuormi. Önnur fæða samanstóð af ógreinilegum fæðuleifum, ánum og skötuormi (7. mynd).

Á grunna svæði Ytriflóa bar mest á vatnabobba, en minna var af öðrum tegundum í fæðu (8. mynd). Á djúpa svæði Ytriflóa var fæðan í mestum mæli hornsíli og einnig var nokkuð af vatnabobba (9. mynd).

Meðalfyllingarstig bleikju í Syðriflóa var 2,39 í júní en 3,23 í Ytriflóa (Tafla 5).

3.5. Afli bænda

Heildarafli í Mývatni 1993 samkvæmt veiðiskýrslum var 22.029 silungar, sem skiptist í 21.410 bleikjur og 619 urriða. Í vetraveiði veiddust 830 bleikjur og 126

urriðar en í sumarveiðinni 20.580 bleikjur og 493 urriðar. Heildarfjöldi lagna var 2.748 í vetrarveiði en 14.382 í sumarveiðinni. Afli á sóknareiningu var í heild 1,53 fiskar í net, 0,35 í vetrarveiði en 1,81 í sumarveiði (Tafla 6). Afli á sóknareiningu var frekar lítill í vetrarveiðinni en jókst jafnt og þétt yfir sumarið og var orðin 2,53 í september. Umtalsverð aukning varð í silungsveiði frá 1992 (10. mynd). Urriðaafli minnkaði enn milli ára og er nú sá minnsti sem skráður hefur verið frá 1970 en á því tímabili eru til aðgreindar veiðitölur fyrir urriða og bleikju.

Árgangaskipting bleikjuaflans var nokkuð vel aðgreinanleg í lengdardreifingu sem staðfest var með aldursgreiningu. Aflinn samanstóð af 3. ára fiski (32 - 40 sm) og 4. ára (39 - 45 sm) (11. mynd). Aldursgreiningar aflans sýndu þetta einnig. Af þeim 268 aflasýnum sem til voru, voru 225 (84%) af þriggja ára bleikju en 43 (16%) af 4. fjögurra ára. Þetta eru því klakárgangar 1989 og 1990. Meðallengd 3. ára bleikju var 35,3 sm og meðalþyngd um 558 gr en fyrir 4. ára bleikju var meðallengd í afla 40.8 sm og meðalþyngd um 839 gr (Tafla 7).

Heildarþyngd þeirra 21.410 bleikja sem veiddust í Mývatni sumarið 1992 reiknuð út frá meðalþyngd og fjölda í árgangi, skv. aflasýnum, var 12.909 kg. Uppistaðan í fjölda og þunga var þriggja ára bleikja, 17.984 fiskar og 10.035 kg en 3.426 fjögurra ára sem vógu 2.874 kg (Tafla 8). Með því að gera ráð fyrir að meðalþyngd veiddra urriða hafi verið svipuð og bleikjunnar (629 gr) þá var uppreiknaður heildarþungi þeirra 619 urriða sem skráðir voru í veiðiskýrslur 389 kg. Í allt má því gera ráð fyrir að heildarafli í Mývatni 1993 hafi verið um 13,3 tonn. Alls er uppskera silungs á hvern hektara 1993 rúm 5 kg.

3.6. Stofnstærð bleikju

Með því að bera sama afla á sóknareiningu í vetrarveiði og uppsafnaðan afla má reikna fjölda fiska í upphafi veiðitíma, (sjá Guðni Guðbergsson 1991). Að því gefnu að veiðni tilraunaneta sé sambærileg við veiðni neta undir ís má reikna

stofnstærð fiska í vatninu. Áður hefur veiðni verið ákvörðuð og var hún sú að einn fiskur í lögn í Syðriflóa var 2.16×10^{-4} hluti stofnsins og samsvarandi fyrir Ytriflóa 7.80×10^{-4} hlutar. Ef litið er á eina tilraunanetaröð sem eitt net og þeim gefin veiðni viðkomandi flóa fæst fjöldi fiska á þeim tíma sem veiðin fór fram á. Sé fjöldinn síðan margfaldaður með þunga hvers lengdarflokks fæst einnig lífmassi þess hluta stofnsins sem tilraunaveiðin tekur úr.

Reiknaður heildarfjöldi bleikja í Mývatni, yfir 17 sm, haustið 1993 var rúmlega 95 þúsund bleikjur og um 44 tonn. Miðað við sambærilegt mat haustið 1992 hafði bleikjum fækkað nokkuð en þunginn nær tvöfaldast. (12. mynd).

Í Syðriflóa fer mat á fjölda bleikja úr 105 þúsund haustið 1992 og niður í um 70 þúsund haustið 1993. Þunginn jókst úr um 18 tonnum og í um 34 tonn. (13. mynd, tafla 10). Í Ytriflóa hækkað mat á fjölda fiska úr rúmlega 19 þúsund fiskum 1992, sem vógu rúmlega 4 tonn í rúmlega 25 þúsund fiska, og rúm 10 tonn í september 1993 (14. mynd, Tafla 9).

Þó lítlsháttar fækkun hafi orðið í mati á fjölda fiska í bleikjustofninum í Mývatni frá 1992 varð um tvöföldun í þunga.

3.7. Endurheimtur merktra urriða

Í tilraunaveiðum veiddust tveir örmerktir urriðar og að auki var skilað hausum af 29 uggaklipptum urriðum, en 24 reyndust merktir en 5 merkislausir. Allir merktu urriðarnir veiddust í Ytriflóa og voru úr sleppingum haustið 1991, en þá munu seiðin hafa verið um 10 sm löng. Af þessum 26 merktu fiskum voru 9 lengdar og þyngdarmældir. Lengd var frá 23 sm og upp í 34,5 sm en meðallengd 28,2 sm. Þyngdin var á bilinu 155 gr til 620 gr en meðalþyngd 328 gr. Þar sem urriðunum var sleppt að hausti hafa þeir aðeins verið í vatninu tæp tvö vaxtartímabil og verður að telja að vöxturinn sé góður.

4. UMRÆÐUR

Nokkur umskipti hafa orðið á fiskstofnum Mývatns frá síðustu árum og afli samkvæmt veiðiskýrslum er sá mesti um nokkurra ára skeið. Sá ungfiskur sem vart var við í tilraunaveiðum 1992, er farinn að skila sér inn í veiði. Það var þó ekki fyrr en líða tók á júní mánuð að umtalsverð aukning varð í afla við það að fiskur óx upp í veiðanlega stærð. Nokkur breyting varð í samsetningu afla tilraunaneta frá fyrra ári og það lítur út fyrir að minna sé af ungfiski nú þó erfitt sé að gera sér grein fyrir mangi. Þar sem grófari net veiða að hámarki færri fiska en þau smáriðnari er ekki óeðlilegt að áætla að magn stærri fisks sé nokkru meira en tilraunaveiðarnar gefa til kynna. Hátt mat á fjölda smáfisks í afla 1992 bendir einnig til þessa. Mat á fjölda fiska í Mývatni hefur lækkað lítillega frá fyrra ári en mat á þunga gefur að hann hafi þyngst verulega og sé svipaður og var 1987. Ætla má að veiði á komandi veiðitímabili verði yfir meðallagi.

Ástand fisks í Mývatni er með miklum ágætum og holdastuðull sá hæsti sem mælst hefur á þeim árum sem rannsóknirnar ná yfir. Krabbadýr voru í miklum meirihluta í fæðu bleikju í Syðriflóa haustið 1993. Lítið bar á hornsílum nema á djúpa svæði Ytriflóa.

Afli urriða var minni nú en nundanfarin ár. Ástæður þess geta verið bæði að það vantaði upp á að skýrslur bærust frá þeim stöðum sem mikið er um urriða og eins getur hornsílafæðin hafa haft áhrif á afkomu urriðans. Hér getur skortur á skýrslum farið að skekkja mat á stærð urriðastofnsins en hann hefur verið að gefa nokkuð svipaðan afla undanfarin ár. Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum hefur urriðaseiðum verið sleppt í Mývatn. Sleppt var 17.000 seiðum haustið 1991, 8.800 1992 og 14.500 haustið 1993. Seiðunum var dreift bæði í Ytri- og Syðriflóa. Af þessum seiðum voru 5.000 merkt með örmerkjum, hvort ár, 1991 og 1992. Aðeins fór að bera á þeim í veiði en aðeins einn aðili skilaði merkjum. Vöxtur þeirra fiska sem endurheimtust var nokkuð misjafn en var að meðaltali nokkuð góður. Brýnt er að veiðimenn hafi vakandi auga með merktum fiskum til að mat

fáist á þýðingu sleppinga. Skortur á skýrslum um veiði getur haft áhrif á mat á sleppinga urriða í vatnið. Það mun koma fram á næstu árum hvort sleppingar urriða skili auknum verðmætum í veiði. Verði slíkt ekki raunin er ekki ástæða til að halda áfram með slíkt.

Ef uggaklipptir fiska veiðast þarf að skrá lengd, þyngd og veiðistað viðkomandi fisks og taka af honum hausinn og geyma í frosti til merkjaútöku og aflestrar merkisins.

ÞAKKARORÐ


Rannsóknarstöðin við Mývatn kostaði þessar rannsóknir að stórum hluta en að auki var framlag frá Veiðimálastofnun. Veiðifélag Mývatns lagði til veiðiskýrslur og var innan handar við framkvæmd rannsókna. Héðinn Sverrisson og Gylfi Yngason sáu um sýnatöku úr lönduðum afla. Árni Einarsson aðstoðaði við útivinnu og sýnatöku. Ofantaldir aðilar eiga bestu þakkir fyrir gott samstarf.

HEIMILDIR


Guðni Guðbergsson 1991. Silungsrannsóknir í Mývatni 1986- 1990. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91013. 81 bls.

Guðni Guðbergsson 1992. Silungsrannsóknir í Mývatni 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92009, 49 bls.


Guðni Guðbergsson 1993. Silungsrannsóknir í Mývatni 1992. S k ý r s l a Veiðimálastofnunar, VMST-R/93012, 38 bls.




1. mynd. Lengdardreifing afla í tilraunaveiðum í Syðriflóa Mývatns í september 1993.




2. mynd. Lengdardreifing afla í tilraunaveiðum í Ytriflóa Mývatns í september 1993.




3. mynd. Hlutfallslegur holdastuðull bleikju í Syðriflóa Mývatns í september 1993.




4. mynd. Hlutfallslegur holdastuðull bleikju í Ytriflóa Mývatns í september 1993.




5. mynd. Frávik holdastuðuls, haustið 1993, í Syðriflóa Mývatns frá meðalholdastuðli árunna 1986 - 1990.



6. mynd. Frávik holdastuðuls, haustið 1993, í Ytriflóa Mývatns frá meðalholdastuðli árunna 1986 - 1990.




7. mynd. Hlutfallsleg samsetning aðalfæðu bleikju í Syðriflóa 1986 - 1993. (aðalfæða er sú fæðugerð sem var í meira en 50% af innihaldi magans; V = vor og H = haust).




8. mynd. Hlutfallsleg samsetning aðalfæðu bleikju á grunnavæði Yrtriflóa 1986 - 1992. (aðalfæða er sú fæðugerð sem var í meira en 50% af innihaldi magans; V = vor, H = haust).


HUNDRADSHLUTI




9. mynd. Hlutfallsleg samsetning aðalfæðu bleikju á djúpa (raskaða) svæði Ytriflóa 1986 - 1992. (aðalfæða er sú fæðugerð sem var í meira en 50% af innihaldi magans; V = vor, H = haust).




10. mynd. Silungsveiði í Mývatni frá aldamótum samkvæmt veiðiskýrslum, beina línán sýnir meðalveiði tímabilsins.




III. mynd. Lengdardreifing árganga og heildarlengdardreifing sýna bleikju úr afla í Mývatni 1993.



12. mynd. Útreiknaður fjöldi og lífmassi bleikju yfir 16.5 sm í Mývatni á árunum 1986 - 1993 (V = vor og H = haust).



13. mynd. Útreiknaður fjöldi og lífmassi bleikju yfir 16.5 sm í Syðriflóa Mývatns á árunum 1986 - 1993 (V = vor og H = haust).



14. mynd. Útreiknaður fjöldi og lífmassi bleikju yfir 16.5 sm í Ytriflóa Mývatns á árunum 1986 - 1992 (V = vor og H = haust).

Tafla 1. Veiðiátak og afli bleikju í tilraunaveiðum í Mývatni 1993.

mm	Syðriflói			Ytriflói		
	fjöldi lagna	afli	afli lögn	fjöldi lagna	afli	afli lögn
16.5	10	8	0,8	4	2	0,5
18.5	10	11	1,1	4	5	1,3
20.0	10	15	1,5	4	4	1,0
23.0	10	3	0,3	4	6	1,5
27.0	10	5	0,5	4	19	4,8
30.0	10	11	1,1	4	15	3,8
35.0	10	9	0,9	4	12	3,0
40.0	10	18	1,8	4	12	3,0
46.0	10	9	0,9	4	4	1,0
50.0	10	7	0,7	4	1	0,3
samtals:	100	96	0,96	40	80	2,0

Tafla 2. Aldursdreifing bleikju í tilraunaveiði í Mývatni 1993.

	Syðriflóði	Ytriflóði
	September	September
lengd (sm)	aldur	aldur
	1 2 3 4 5	1 2 3 4 5
14		
15	1 1	
16	1	1
17	1 1	1
18	6	2
19	6	3
20	4	
21	5	2
22	5	1
23	1	1 1
24	1 1	1 1
25	1	3
26	1	10 1
27		7
28		4
29	1 3	1
30	3	5
31	10	5
32	6	1 1
33	7	4
34	3	2
35	3	6 2
36	2	2
37	2	2
38	1	1 2
39	2 1	2
40	1	2
41	1 3	
42	2	
43	1	
44	2	
45	1	
46		
47		
48		
49	1	1
50		
51		
52	1	
53		
54		
55		

Tafla 3. Meðallengdir og hlutfall kynþroska bleikju í afla tilraunaneta í Syðri og Ytriflóa Mývatns í september 1992.

(Kynþroskastig 1 og 2 eru ókynþroska, stig 3 - 5 mun hrygna að hausti, 6 er rennandi fullþroskuð hrogn og 7 úthrygndir, 7/2 hvílarar, 7/3-7/5 táknar að viðkomandi hafi hrygnt áður og er komin á stað aftur í kynþroska).

Kynþrosk- stig	Syðrifló		Ytrifló	
	m.l.	fj	m.l.	fj
1	21,2	17	18,5	24
2	29,7	53	29,2	43
3	33,5	5	38,7	21
4	35,7	2	36,6	2
5			46,6	2
6				
7				
7/2	48,2	1		
7/3				
7/4				
7/5			44,7	1
7/6				
Hlutfall				
Kynþroska	4,3%		3,8%	

Tafla 4. Útreiknað samband lengdar og þyngdar bleikju (logaritmískt) í Syðri- og Ytriflóa Mývatns og haustið 1993. (N = fjöldi; b = hallatala línunnar; a = skurðpunktur við y-ás og r = fylgnistuðull).

Staður	tímabil	N	b	log a	r
Syðrifló	sept.	94	3,35	-2,44543	0,99
Ytrifló	sept.	81	3,30	-2,39797	0,99

Tafla 5. Meðalmagafylling bleikju í Syðri og Ytriflóa Mývatns 1993 (Magafylling er metin frá 1 - 5).

SEPTEMBER		
meðal		
staður	fjöldi	magafylli
Syðrifló	81	2,39
Ytrifló	62	3,23

Tafla 6. Veiði bända í Mývatni 1993 (sókn = fjöldi 25 m langra neta sem liggja eina nótt).

mánuður	bleikja	urriði	sókn	afli/sókn
febrúar	408	39	1129	0,40
mars	362	7	1290	0,29
apríl	60	80	329	0,43
vetrarveiði samtals	830	126	2748	0,35
júní	1485	183	2198	0,76
júlí	3340	94	3065	1,12
ágúst	7989	92	3254	2,48
sept.	7766	124	3117	2,51
sumarveiði samtals	20580	493	11634	1,81
Heildarveiði 1993	21410	619	14382	1,53

Tafla 7. Aldurssamsetning sýna af bleikju úr afla bända í Mývatni sumarið 1993, ásamt meðallengd, meðalþyngd (gr.) og staðalfrávikni meðaltals (s.d.).

aldur	fjöldi	%	meðal lengd	s.d.	meðal þyngd	s.d.
3	225	84	35,3	1,3	557,9	60,4
4	43	16	40,8	1,6	839,1	109,8

Tafla 8. Samsetning bleikjuafla í Mývatni 1993 metin út frá skiptingu sýna eftir árgöngum í afla, ásamt meðallengd- og meðalþyngd aldushópa.

aldur	fjöldi	þyngd (kg)
3	17984	10035
4	3426	2874
Samtals:	21410	12909

Tafla 9. Stofnstærð og lífmassi bleikju í Syðri og Ytriflóa Mývatns 1986 - 1993 (N = fjöldi fiska í einni netaröð, MP = meðalpungi afla (kg) í einni netaröð, HN = heildar fjöldi bleikja; Miðað er við að að baki hvers fisks í tilraunaneti í Syðriflóa standi 4629 fiskar og 1282 fiskar í Ytriflóa.

	SYÐRIFLÓI				YTRIFLÓI			
	N	MP	HN	HP	N	MP	HN	HP
1986 VOR	6	0,304	29784	9078	36	0,323	45512	14710
1986 HAUST	12	0,241	54783	13234	23	0,389	28846	11242
1987 VOR	13	0,115	59167	6828	10	0,298	13034	3884
1987 HAUST	63	0,111	291087	32516	28	0,170	36431	6211
1988 VOR	50	0,168	232418	39066	23	0,177	28846	5108
1988 HAUST	11	0,231	49768	11517	14	0,211	18055	3826
1989 VOR	6	0,220	25682	5668	10	0,298	12741	3799
1989 HAUST	5	0,279	24063	6711	28	0,229	35470	8128
1990 VOR	16	0,180	72916	13129	17	0,166	21474	3570
1990 HAUST	8	0,381	35052	13349	6	0,271	7051	1911
1991 VOR	4	0,123	16534	2026	4	0,132	5448	721
1991 HAUST	18	0,187	81276	15210	10	0,263	12821	3375
1992 VOR	15	0,129	70473	9144	26	0,119	33333	3968
1992 HAUST	23	0,180	105093	18892	15	0,219	19230	4216
1993 HAUST	10	0,536	70085	33985	20	0,398	25641	10176